

Með Víkingum við Volgubakka: ferðabók Ibn Fadlan

Frá Bagdad til Búlgar

Hinn 21. júní árið 921 lagði Ahmad ibn Fadlan ásamt föruneyti Haf stað í langferð frá hirð kalífans Al-Muqtadir í Bagdad. Áfangastaðurinn var ríki hinna svokölluðu Volgu-Búlgara á bökkum Volgu, nærri þeim stað þar sem borgin Kazan stendur nú.¹ Nokkru áður hafði kalífanum borist bréf frá konungi þeirra sem óskaði eftir fjárstuðningi til að byggja varnir gegn herskáum nágrönnum sínum, og fræðslu um íslamska siði. Volgu-Búlgarar höfðu tekið íslamstrú nokkru áður, sennilega um 900. Aðdragandann að því má líklega rekja til stórauðinnar verslunar milli þeirra og veldis múslíma í suðri, ekki síst fyrir milligöngu Samaníða í Khwarazm í Mið-Asú sem áttu höfuðból sitt í borginni Bukhara.

Ahmad ibn Fadlan ibn al-Abbās ibn Rashid ibn Hammad, eins og hann hét fullu nafni, er ekki þekktur í neinum frásögnum öðrum en sinni eigin, og það litla sem um hann er vitað er það sem þar má lesa. Ljóst er að hann var í opinberum erindagjörðum en þó tilgreinir hann ekki hver staða hans í sendinefndinni er. Leiða má líkur að því að hann hafi verið eins konar prótókólmeistari, þar sem það er í hans verkahring að afhenda konungi Volgu-Búlgara fé og gjafir og lesa upp fyrir hann bréf frá kalífanum í Bagdad. Einnig gerir Ibn Fadlan nokkrar misheppnaðar tilraunir til að gera umbætur á iðkun íslamstrúar meðal Volgu-Búlgara og á um það áhugaverð samtöl við konung þeirra, sem er furðu vel að sér í þeim efnum.

¹ Þegar við fyrst höfum spurnir af Búlgörum á fimmtu öld voru þeir ein þjóð sem bjó norðan við Svartahaf. Á sjöundu öld tvístraðist þjóðin, sumir héldu í vestur þar sem síðar varð Búlgaría, en aðrir héldu austur og norður og stofnuðu ríki Volgu-Búlgara.

Um 3000 kílómetrar skilja að Bagdad og Volgu-Búlgara og ferðalag Ibn Fadlan er oft og tíðum mikil svaðilför. Leiðin lá fyrst í austurátt að Rayy, þar sem nú er Teheran, og svo áfram í norðurátt til hinnar merku borgar Bukhara. Skilja má af textanum að Ibn Fadlan hafi ekki haft mikla reynslu af slíkum ferðalögum og honum ofbýður iðulega bæði aðbúnaðurinn og (ó)siðir fólks sem á vegi hans verður. Vetur í Mið-Asíu geta orðið afar kaldir, naprir vindar frá Síberíu blása óheftir yfir eyðilegt landslagið og samanburður við milt og hlýtt loftslagið í Írak er ekki hagstæður:

... þegar ég kom heim úr baðhúsinu var skegg mitt orðið einn ísklumpur. Ég þurfti að þíða það við eldinn. Ég svaf í vistarveru sem var inni í annarri vistarveru, *ger*,² með dýrafeldum ... og var sjálfur dúðaður inn í feld, og jafnvel þá fraus kinnin á mér og festist við koddann.³

Nokkru síðar, á leið yfir Ust-Yurt-eyðimörkina í Mið-Asíu, verður Ibn Fadlan að orði:

Við sáum engan, vorum tíu daga á leiðinni. Líkamar okkar þjáðust gríðarlega og við vorum að niðurlotum komnir. Kuldinn beit og snjóbylnum linnti aldrei. Í samanburði við þetta var kuldinn í Khwarazm eins og sumardagur. Við gleymdum öllum fyrri þjáningum og vorum við það að gefa upp öndina?⁴

Ibn Fadlan lýsir mörgum furðum, sem stundum eru á skjön við annars jarðbundinn tón í skrifum hans. Hann lýsir bardaga fallinna forfeðra á himnum sem fylgir einhvers konar gnýr eða niður (norðurljós?). Í ríki Volgu-Búlgara lýsir hann snákum á stærð við tré, og þar rekst hann einnig á beinagrind af þriggja metra háum manni. Sumt í frásögn hans hljómar því ýkt eða bjagað, og stafar það mögulega af skreytingum í endurritun frásagnarinnar, annaðhvort hjá Ibn Fadlan sjálfum eða skrifara á tíundu eða elleftu öld.

Við lestur á frásögn Ibn Fadlan verður að hafa í huga að hann kemur frá Bagdad, sem þá var ein mesta menningarborg heims. Frá

2 Ger eða *yurt* er hringlaga tjald flökkuhirðingja á steppum Evrasíu.

3 *Mission to the Volga*, ritstj. og þýð. J. Montgomery, New York: New York University Press, 2014, bls. 198 [mín þýðing].

4 Sama, bls. 200 [mín þýðing].

tímum kalífans Harun ar-Rashid (786–809) höfðu fræði og vísindi verið í hávegum höfð, og þar gegndu þýðingar og framþróun grísk-latneska arfsins lykilhlutverki. Að auki er í íslam mikil áhersla lögð á hreinlæti, hófsemi og aðrar dygðir sem hafa samræmst illa síðum þess fólks sem varð á leið hans norður á bóginn. Andstæðurnar ná stundum allt að því kómískum hæðum. Kvöld eitt situr Ibn Fadlan við eld hjá ættbálki Ghuzz, sem þá var líklega staðsettur rétt norðaustan við Kaspíahaf:

Dag einn staðnæmdumst við hjá tjaldi og var okkur boðið til sætis. Kona höfðingjans settist einnig hjá okkur. Á meðan við spjölluðum dró hún skyndilega klæðin af sér miðri og klóraði sér í klofinu, beint fyrir framan okkur! Við huldum andlit okkar og báðum Allah um að fyrirgefa okkur. En eiginmaður hennar hló og sagði við túlkinn okkar: „Segðu þeim að hún beri sig kannski í ykkar návist svo þið megið sjá, en hún passar vel upp á þetta þannig að enginn komist í. Þetta er betra en að hylja sig og veita svo öðrum aðgang.“⁵

Umfram allt virðist Ibn Fadlan hafa áhuga á fólki og samfélögum þeirra: Hann er oft eins og mannfræðingur á vettvangi og segir frá margs konar síðum og venjum fólks á þessum slóðum, sem við hefðum annars enga hugmynd um því nánast engar skriflegar heimildir hafa varðveist frá þjóðunum sjálfum. Lýsing hans er persónuleg og tilfinningarík fyrstu persónu frásögn, og afar óvenjuleg fyrir sinn tíma.

Ibn Fadlan og víkingarnir

Frásögn Ibn Fadlan er líka merkileg fyrir aðrar sakir. Þar er að finna einu ítarlegu lýsinguna á mannlífi og menningarheimum Mið-Asíu og steppusvæðisins norðan Kaspíahafs sem varðveist hefur allt frá tímum Heródotusar til ferða munkka á þrettánda öld í leit að hinum mikla khan. Skrif Ibn Fadlan eru ekki síst mikilvæg fyrir víkingafræðin, því þau hafa að geyma lengstu og ítarlegustu frásögn af samfélagi víkinga sem fyrirfinnst í nokkurri heimild.

5 Sama, bls. 202 [mín þýðing].

Fræðileg umfjöllun um víkinga í austurvegi hefur ekki alltaf gengið þrautalaust fyrir sig. Frá því að Bayer setti fram hugmyndir sínar á átjándu öld um þátt norrænna manna í stofnun Rús-ríkisins (Kænugarðs-Rús, Киевская Русь/ Kievskaya Rus) – og var settur út af sakramentinu fyrir vikið – jókst andstaða margra rússneskra og síðar sovéskra fræðimanna við slíkar hugmyndir jafnt og þétt. Íðulega er talað um „normannista-deiluna“ (e. *normannist controversy*) þar sem þeir sem telja þátt norrænna manna óumdeilanlegan eru þá kallaðir normannistar og andstæðingar þeirra, sem einblína fyrst og fremst á slavneska þáttinn, and-normannistar. Í seinni tíð hefur þessum andstæðum verið gefinn minni gaumur og víða er litid á hinn svokallaða andnormannisma sem fremur haldlausa afstöðu.⁶ Hér vegur þungt gríðarmikið magn fornleifa sem vitnar um veru norrænna manna í austri og hefur fundist vítt og breitt á gríðarstóru landsvæði allt frá Ladógavatni í norðvestanverðu Rússlandi suður til Dnépurrosa og austur til Kaspíahafs og allt meðfram fljótunum miklu, Volgu, Oku og öðrum vatnsföllum þar um slóðir.

Ferðasaga Ibn Fadlan er þó ekki eina lýsingin á víkingum sem finna má í arabískum heimildum. Hátt í fimmtíu arabísk verk frá miðöldum geta norrænna manna eða landsvæða þeirra og af þeim eru milli tíu og fimmtán samtímalýsingar frá níundu og tíundu öld. Sum verkanna fjalla um innrásir víkinga á Íberíuskaga en flest eru rituð í Mið-Austurlöndum og segja frá íhlutun þeirra meðal þjóða, aðallega túrkískra, sem þá byggðu svæði sem nær frá Mið-Volgu í norðri til Kaspíahafs og Kákasus í suðri.

Handritin

Lengi vel var ferðasaga Ibn Fadlan aðeins þekkt af alfræðibók Yaqut Al-Hamawi sem ritaði á tólftu öld. Þetta er gríðarmikið verk sem

6 Gott yfirlit yfir þessar deilur er að finna í: Leo S. Klejn, „Normanism and Anti-Normanism in Russia: an eyewitness account“, í *Vers l'Orient et vers l'Occident: Regards croisés sur les dynamiques et les transferts culturels des Vikings à la Rous ancienne*, P. Bauduin, A.E. Musin (ritstj.), Turnhout: Centre de Recherches Archéologiques, 2014, bls. 407–415; Knud Rahbek Schmidt, „The Varangian problem: a brief history of the controversy“, í *Varangian Problems*, Knud Hannestad (ritstj.), Scando-Slavica, Supplementum 1 (1970), Kaupmannahöfn: Munksgaard, bls. 7–20; Omeljan Pritsak, *The Origin of Rus'*, vol. 1, *Old Scandinavian Sources Other than the Sagas*, Cambridge, MA: Harvard University Press, 1981, (sjá inngang).

varðveist hefur í heild sinni og var gefið út í sex bindum af Ferdinand Wüstenfeld á seinni hluta nítjándu aldar. Yaqut var fræðimaður og sótti m.a. efni í bókasöfn Mið-Asíu áður en Mongólar herjuðu þar og brenndu allt til grunna í byrjun þrettándu aldar. Hann hefur væntanlega rekist á verk Ibn Fadlan í heimsóknnum sínum í söfnin í Khwarazm, og hugsanlega í Búkhara sjálfri, þar sem Ibn Fadlan staldraði við á leið sinni, og fellt kafla úr því inn í eigið verk. Aðra útgáfu af frásögn Ibn Fadlan er svo að finna í handriti eignuðu Amin Razi, persneskum fræðimanni sem var uppi á sextánda öld. Það var síðan árið 1923 að bashkírski fræðimaðurinn Akhmed-Zeki Velidi Togan fann merkilegt handrit í Mashhad í norðanverðu Íran. Handritið, sem reyndist vera frá elleftu öld, samanstóð af þremur verkum og fljótlega varð ljóst að þarna var að finna stórauðna og samfellda útgáfu af ferðabók Ibn Fadlan. Árið 1939 gaf Togan út *Ibn Fadlans Reiseberichte*, með ítarefni og neðanmálsgreinum sem eru að mestu í góðu gildi enn í dag. Síðan hafa margar útgáfur og þýðingar á verkinu litið dagsins ljós: I. Kratsjkovskí (á rússnesku, *Puteshestvie Ibn-Fadlana na Volgu: perevod i kommentarii* (Moskva: Nauka, 1939)), R. Frye (á ensku, *Ibn Fadlan's Journey to Russia: A Tenth-Century Traveller from Baghdad to the Volga River* (Princeton: Markus Wiener, 2005)), M. Canard (á frönsku *Voyage chez les Bulgares de la Volga* (París: Papyrus, 1983)), J. B. Simonsen (á dönsku, *Vikingerne ved Volga / Ibn Fadlans rejsebeskrivelse* (Højberg: Wormianum, 1997)) og nýlega J. E. Montgomery (*Mission to the Volga* (New York: New York University Press, 2017)) sem útbjó bæði nýja útgáfu af Mashhad-handritinu og þýðingu á ensku, en á þeirri útgáfu er byggð sú þýðing sem hér birtist.